

# AÐALFUNDUR HVERFISNEFNDAR HOLTA- OG HLÍÐAHVERFIS, 10. apríl 2013

## Dagskrá

- Formaður setur fund
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Kosning stjórnar til næstu 2ja ára
- Önnur mál

Berglind Rafnsdóttir, formaður hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis setti fundinn. Á fundinn voru mættir 7 íbúar í hverfinu auk hverfisnefndar sem í sitja: Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Helgi Stefánsson, Óskar Ingi Sigurðsson, Guðmundur Geirsson og varamaður er Eiríkur Jónsson. Fundarstjóri var kosinn Óskar Ingi Sigurðsson og fundarritari Brynja Sigurðardóttir. Guðmundur og Eiríkur voru fjarverandi.

## Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar. 9 fundir hafa verið haldnir frá síðasta aðalfundi. Bent var á að þetta væri 9.aðalfundur þessarar hverfisnefndar sem hefur verið að störfum síðan 2006. Megin verkefni stjórnarinnar á árinu voru seta í skólaráði, erindi varðandi snjósmoksturs, göngubrúar, gönguleiða, gangbrauta, málun á undirgöngum og margt fleira eins og sjá má á fundargerðum nefndarinnar á akureyri.is. Hverfisnefnd ákvað að mæta á þá 2 bæjarfulltrúafundi sem haldnir voru í Glerárskóla. 2 nefndarmenn fóru á fund skipulagsstjóra vegna 2 deiliskipulaga sem auglýst voru í okkar hverfi. 2 erindi bárust nefndinni á tímabilinu, annað vegna fyrirspurnar um Seljagarðinn og hvort eitthvað væri hægt að gera hann nýtanlegri og hitt um umhverfisöryggi fyrirtækja í hverfinu. Hverfisnefndin gerði fyrirspurn varðandi leikskólann Holtakot vegna sameiningar hans við Síðusel. Um var að ræða stjórnkerfisbreytingar og heitir leikskólinn okkar nú Hulduheimar. Framkvæmdaráð Akureyrarbæjar hefur ákveðið að starfandi hverfisnefndir á Akureyri fái hver um sig 2.milljónir króna til ráðstöfunar í umhverfismálum innan síns hverfis á árinu 2013 og beðið er eftir verklagsreglum frá Akureyrarbæ vegna þess. Áfram verður unnið að merkingu gamalla húsa í hverfinu.

## Kosning stjórnar

Brynja Sigurðardóttir gaf ekki kost á sér áfram eftir 4 ára setu í hverfisnefndinni. Einn hverfisíbúi hefur gefið kost á sér til setu í hverfisnefnd en það er Sigrún Elva Briem. Þar sem engin mótframboð bárust var nefndin samþykkt með lófaklappi.

Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis starfsárið 2013-2014 er því skipuð eftirfarandi:  
Berglind Rafnsdóttir Lyngholt 22  
Helgi Stefánsson Langholt 23  
Óskar Ingi Sigurðsson Áshlíð 12

Guðmundur Geirsson, Áshlíð 9  
Sigrún Elva Briem Einholt 24  
Varamaður:  
Eiríkur Jónsson Bakkahlíð 7

## Önnur mál

### **Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri ræðir almennt um deiliskipulag**

Sagði Pétur Bolli frá því hverjir sætu í skipulagsnefnd Akureyrarbæjar, hvaða starfsfólk væri að vinna í skipulagsdeild og hvert meginverkefni og hlutverk þeirra væri. Þá fór hann yfir ýmis atriði er varðar vinnu og lagaumhverfi deildarinnar.

Þá kynnti Pétur Bolli hvað aðalskipulag er og einnig deiliskipulag. Lagði hann mikla áherslu á að íbúar hverfisins skoðuðu vel deiliskipulag síns hverfins þegar þau eru lögð fram og benti á að senda mætti þá athugasemdir ef þurfa þykir.

Deiliskipulagsferlið er svohljóðandi:

- Bæjarstjórn auglýsir deiliskipulagstillögu í 6 vikur
- Bæjarstjórn leitar umsagnar um tillöguna ef þarf
- Almennur athugasemdafrestur er 6 vikur frá auglýsingu
- Athugasemdir sendar til skipulagsdeildar í e-meili eða pósti
- Athugasemdir yfirfarnar – svarað efnislega
- Tillagan auglýst að nýju ef verulegar breytingar eru gerðar
- Bæjarstjórn samþykkir tillögu
- Skipulagsstofnun yfirfer tillögu – samþykkir að tillaga verði auglýst í B-deild nema ef um óverulega dsk breytingu er að ræða
- Gildistaka þegar auglýsing um samþykkt þess birtist í B-deild Stjórnartíðinda

Var farið síðan yfir öll samþykkt deiliskipulög í hverfinu. Þónokkur umræða spannst út frá því á meðal fundarmanna.

Kaffiveitingar voru keyptar af 10.bekk Glerárskóla og þökkum við þeim góðar veitingar.

Óskar fundarstjóri sleit svo fundi klukkan 21:56 með þökkum fyrir góðan fund.